

Skýrsla Æskulýðnefndar Fáks 2004 - 2005

Fyrsti dagskrárliður félagsins var opið hús fyrir unglinga um miðjan janúar og var það nokkuð vel sótt. Þar fengu krakkarnir tækifæri til að hittast og spjalla saman eftir frí haustins.

Vetrarstarfið hófst síðan með formlegum hætti daginn eftir með foreldrafundi þar sem vetrarstarfið og nefndin var kynnt. Nefndin var skipuð nýju fólki nema formanninum sem hafði setið í henni árið áður. Fundurinn var vel sóttur af foreldrum og börnum. Farið var yfir dagskrá vetrarins og var sérstaklega kynntur nýr liður í starfsemi félagsins, námskeið í knapamerkjakerfinu. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið stendur fyrir þeim námskeiðum. Hulda Gústafsdóttir var fengin til að kynna kerfið fyrir fundarmönnum, þar sem hún þekkir kerfið mjög vel.

Í janúar var boðið uppá stutt námskeið í þrifum og viðhaldi reiðtygja, sem kom í stað reiðtygjanámskeiðs sem haldið hefur verið árlega nokkur undanfarin ár. Ekki virtist það falla í góðan jarðveg þar sem einungis örfá börn mættu.

Árshátið fyrir unglinga í hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu var haldin í Fáksheimilinu í febrúarlök og var hún vel sótt og skemmtu allir sér mjög vel. Boðið var uppá stórglæsilegan matseðil og var síðan dansað frameftir. Árshátið barna var að venju haldin í Harðarbóli.

Mjög góð þátttaka var á knapamerkjanámskeiðin. Boðið var uppá stöðupróf á fyrsta stigi námsins og síðan voru haldin námskeið í fyrsta og öðru stigi. Kennarar voru þeir Sigurbjörn Bárðarson og Tómas Snorrason. Útskrifuðust 41 barn af fyrsta stigi og um 31 barn á öðru stigi. Einnig voru haldin almenn námskeið fyrir 6 – 12 ára börn og sóttu 22 börn þau námskeið. Kennarar á þeim voru Edda Rún Ragnarsdóttir og Sigurður Matthíasson. Á milli 60 – 70 börn stunduðu nám af einhverju tagi í reiðmennsku á vegum félagsins á árinu.

Hið árlega bingó var á dagskránni rétt fyrir páska og voru í boði stór glæsilegir vinningar. Bingóið var vel sótt eins og ævinlega. Eftir bingóið var boðið uppá vöfflur með rjóma. Krökkunum þykir mjög gaman að spila bingó og ekki dregur úr áhuganum að stór páskaegg eru meðal vinninga.

Stórsýningin Æskan og hesturinn var haldin helgina 12. og 13. mars í Reiðhöllinni í Víðidal. Hátt í fimmtíu áhugasöm börn tóku þátt í sýningunni fyrir hönd Fáks. Stóðu þau sig með einstakri þrýði og voru Fáki til sóma. Sýningin er jafnan vel sótt og fullt hús á öllum sýningum.

Óvissuferðin var á sínum stað og í ár var farið að Hvanneyri og að Miðfossum þar sem Hvanneyringar eru með hesthúsaðstöðu. Mjög vel var tekið á móti okkur á báðum stöðum. Á Miðfossum sýndu Svanhildur Hall og Magnús Lárusson okkur aðstöðuna sem nemendur hafa og einnig fallega hesta ásamt því að halda stuttan fyrirlestur um

starfseminna. Eftir að hafa borðað hádegismat á Hvanneyri var farið að Skáney þar sem húsbændur tóku vel á móti hópnum, sýndu okkur í hesthúsið og það sem í því var og að lokum stórglæsilega hesta úr ræktun sinni í reið. Á heimleið lentum við í ævintýri, rútan festist þegar við ætluðum að stoppa smástund og fá okkur nesti. Virtist vera sem krökkunum hafi fundist það eitt það skemmtilegasta við daginn.

MR-mótið var haldið 23. og 24. apríl. Það er haldið í samvinnu við MR-búðina og er öllum opið. Mótið var kynnt vel og sendar auglýsingar til allra hestamannafélaga á Suður- og Vesturlandi. Skráningar hafa aldrei verið fleiri en nú og virðist þetta mót vera að festa sig í sessi sem eitt sterkasta barna- og unglingamót á landinu. Keppt var í pollaflokki, barnaflokki og unglingaflokki í tölti, 4-gang og 5-gang og voru alls 172 skráningar. Varð að riða úrslit á sunnudeginum vegna fjölda skráninga. Mótið tókst mjög vel og mun verða með svipuðu sniði á næsta ári.

Næst síðasta uppákoma vetrarins var Æskulýðsdagurinn sem haldin var í Reiðhöllinni 7. maí, þar voru settar upp ýmiskonar þrautabrautir á hestum og að lokum fengu allir pizzu.

Við enduðum vetrarstarfið í lok maí með sameiginlegum reiðtúr fyrir alla fjölskylduna og grilluðum pulsar að loknum reiðtúr.

Í nefndinni starfsárið 2004 – 2005 störfuðu:

Helga Olgeirsdóttir formaður

Arngrímur Angantýsson

Auður Pétursdóttir

Erla Jóhannsdóttir

Helga B. Helgadóttir

Þórey Björnsdóttir